

## Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um starfsmannahald og rekstur sendiráða Íslands.

1. Hvað starfa margir í sendiráðum Íslands erlendis, annars vegar Íslendingar og hins vegar erlendir aðilar, sundurgreint eftir sendiráðum?
2. Hvað eru margir Íslendinganna staðarráðnir, sundurgreint eftir sendiráðum?

Sendiráð	Flutningsskyldir		Staðarráðnir		Alls
	Íslendingar	Íslendingar	erlendir aðilar	erlendir aðilar	
Berlín	3	2	3	3	8
Kaupmannahöfn	2	4	0	0	6
London	3	3	1	1	7
Moskva	3	0	4	4	7
Osló	2	1	0	0	3
París	4	1	2	2	7
Stokkhólmur	2	2	0	0	4
Washington	3	2	1	1	6
Brussel	8	0	4	4	12
Vín	2	1	1	1	4
Peking	2	2	4	4	8
Ottawa	2	0	1	1	3
Tókýó	1	0	3	3	4
Helsinki	1	1	2	2	4
Nýja Delí	2	0	5	5	7
<b>Samtals fjöldi í sendiráðum</b>	<b>40</b>	<b>19</b>	<b>31</b>	<b>31</b>	<b>90</b>

Auk sendiráða starfrækir Ísland þrjár fastanefndir gagnvart alþjóðastofnunum og þrjár aðalræðisskrifstofur. Starfsmannasamsetning þeirra, með hliðsjón af fyrirspurninni, er eftirfarandi:

Fastanefndir og aðalræðisskrifstofur	Flutningsskyldir		Staðarráðnir		Alls
	Íslendingar	Íslendingar	erlendir aðilar	erlendir aðilar	
New York fastanefnd	3	2	1	1	6
New York aðalræðismaður	0	2	0	0	2
Genf fastanefnd	4	0	1	1	5
Brussel fastanefnd (NATO)	5	1	1	1	7
Winnipeg aðalræðismaður	1	1	0	0	2
Þórshöfn aðalræðismaður	1	1	0	0	2
Samtals fjöldi í fastanefndum og aðalræðisskrifstofum	14	7	3	3	24
<b>Alls</b>	<b>54</b>	<b>26</b>	<b>34</b>	<b>34</b>	<b>114</b>

Auk framangreindra sendiskrifstofa starfrækir Próunarsamvinnustofnun Íslands umdæmis- skrifstofur í þremur samstarfslöndum sem lögum samkvæmt hafa formlega stöðu sendiráðs þó að lítil sem engin eiginleg sendiráðsstarfsemi fari þar fram, engar fjárveitingar hafi verið veittar vegna þessa hlutverks og utanríkisráðuneytið beri ekki kostnað vegna þess. Einnig er rétt að geta þess að í sendiráðinu í Brussel starfa einnig útsendir fulltrúar annarra ráðuneyta en þau bera sjálf kostnað vegna þeirra.

3. *Hvað hefur íslenska ríkið greitt í húsaleigubætur til starfsmanna utanríkisþjónustunnar sl. 10 ár, sundurliðað eftir sendiráðum og árum?*

4. *Er hámark á húsaleigubótunum og hefur ráðuneytið sett sér starfsreglur varðandi þær?*

Íslenska ríkið greiðir ekki húsaleigubætur til starfsmanna utanríkisþjónustunnar, heldur er kostnaður vegna húsnæðis flutningsskyldra starfsmanna utanríkisþjónustunnar sem eru við störf í sendiskrifstofum erlendis greiddur af sendiskrifstofum og telst hann til rekstrarkostnaðar þeirra. Við val á húsnæði er litið til sambærilegra viðmiða um kostnað og sjónarmiða um aðbúnað eins og utanríkisþjónustur annarra Norðurlanda hafa.

5. *Hvað hefur íslenska ríkið greitt í staðaruppbætur til starfsmanna utanríkisþjónustunnar sl. 10 ár, sundurliðað eftir sendiráðum og árum?*

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir greiddar staðaruppbætur til starfsmanna utanríkisþjónustunnar sl. 10 ár.

Yfirlit yfir greiddar staðaruppbætur til starfsmanna utanríkisþjónustunnar sl. 10 ár.

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
<b>Sendiráð</b>										
Berlín, EUR	156.396	148.341	136.088	114.308	121.476	118.201	111.120	114.234	91.258	92.161
Kaupmannahöfn, DKK	1.504.301	1.364.637	1.233.135	1.048.546	1.160.399	1.034.916	1.057.342	1.175.067	1.328.323	1.175.547
London, GBP	127.123	109.717	121.347	105.577	119.406	117.645	107.724	128.258	123.604	131.553
Moskva, USD	281.597	274.874	271.819	264.709	242.846	181.833				
Moskva, EUR							150.042	127.729	148.146	170.251
Oslo, NOK	1.828.839	1.982.836	1.844.649	1.668.030	1.398.120	1.158.380	1.078.407	1.117.114	1.115.100	1.270.299
París, EUR	225.461	170.492	189.486	178.011	224.197	221.117	199.039	183.447	167.188	145.312
Stokkhólmur, SEK	1.177.832	1.327.867	1.236.418	1.246.010	1.435.107	1.286.740	1.028.783	1.066.816	1.031.312	964.457
Washington, USD	249.965	207.027	204.984	150.929	217.865	226.918	222.101	192.936	136.483	161.364
Brussel, EUR	276.352	254.026	250.326	214.429	261.439	371.520	267.050	261.888	270.228	302.551
Vín, EUR	125.651	139.537	144.898	119.728	134.001	139.223	146.976	133.593	138.211	135.160
Peking, USD	244.476	211.680	201.056	193.175	193.425	152.357				
Peking, CNY							1.297.645	1.357.126	1.878.430	1.382.166
Ottawa, CAD	140.201	126.160	95.760	99.497	116.341	132.476	130.329	127.065	147.385	152.741
Tokyo, JPY	27.109.850	23.424.074	26.321.373	26.460.868	28.573.258	28.891.321	20.680.232	12.909.840	12.467.868	12.401.112
Helsinki, EUR	94.974	111.225	114.209	83.696	95.789	95.700	94.884	87.240	80.321	81.960
Maputo, USD	44.476	31.935	30.447	25.917						
Róm, EUR				10.451	35.398	55.980	48.792	22.031		
Nýja Delí, EUR					76.295	160.608	169.946	121.027	160.961	158.457
Pretortía, USD					48.599	64.494	82.874	10.400		
<b>Fastanefndir og aðalræðis- skrifstofur</b>										
Fastanefnd New York, USD	382.066	364.748	258.722	243.759	312.854	304.158	350.946	321.689	319.359	275.581
Fastanefnd NATO og fulltrúi SHAPE, EUR	269.254	231.489	262.593	268.069	309.279	297.465	291.213	262.738	279.889	303.496
Fastanefnd Genf, CHF	412.394	375.783	394.458	359.639	353.203	313.290	337.772	353.357	350.973	325.433
Fastanefnd Strassborg, EUR	82.649	87.654	70.661	62.437	73.713	78.576	79.890	57.369		
Aðalræðismaður, New York, USD			116.964	95.651						
Aðalræðismaður, Winnipeg, CAD	78.241	61.347	92.838	101.402	106.200	98.244	98.832	98.832	98.192	99.703
Aðalræðismaður, Þórshöfn, DKK						414.396	568.089	575.485	606.209	401.541

6. Er hámark á staðaruppþótunum og hefur ráðuneytið sett sér starfsreglur varðandi þær?

Í fyrirmæla- og leiðbeiningabók utanríkisþjónustunnar, sem gilt hefur með breytingum undanfarin 40 ár, er að finna reglur um ákvörðun staðaruppþóta. Þær eru reiknaðar í sérhverju tilviki út frá ákveðnum viðmiðum um stöðu, fjölskylduhagi, framfærslukostnað og aðstæður í gistiríki. Staðaruppþætur eru kostnaðargreiðsla sem ætlað er að bæta kostnað sem hlýst af því að flutningsskyldur starfsmaður og fjölskylda hans eru búsett í gistiríki og dveljast langdvölum fjarri heimahögum.

7. Hefur ráðuneytið sjúkrasjóð til greiðslu sjúkrakostnaðar íslenskra sendiráðsstarfsmanna erlendis og ef svo er, hver er staða hans og hversu há upphæð er greidd í hann á ári?

Flutningsskyldir starfsmenn utanríkisþjónustunnar sem fara til starfa í sendiskrifstofum erlendis halda lögheimili sínu hérlendis, eru á launaskrá íslenska ríkisins og greiða skatta á Íslandi lögum samkvæmt. Þeir eru því sjúkratryggðir á Íslandi samkvæmt gildandi lögum um almannatryggingar og sjúkratryggingar. Eins og gefur að skilja hafa þeir vegna dvalar í öðru landi takmarkaða möguleika til að nýta réttindi sín samkvæmt framangreindum lögum á meðan þeir eru við störf erlendis. Þurfi þeir á heilbrigðisþjónustu að halda þurfa þeir oftast að leita til lækna og heilbrigðisstofnana í viðkomandi gistiríki. Þegar gistiríkið er EES- eða EFTA-riki eiga starfsmenn á grundvelli EES-samningsins og EFTA-samningsins rétt á heilbrigðisþjónustu eftir sömu reglum og gilda almennt um eigin borgara viðkomandi ríkis en í öðrum tilvikum ber utanríkisþjónustan kostnaðinn með þeim takmörkunum sem hér er gerð grein fyrir. Ekki er um eiginlegan sjóð að ræða, heldur eru þessi útgjöld greidd úr ríkissjóði með sama hætti og önnur útgjöld utanríkisþjónustunnar. Greiddur er kostnaður vegna venjulegrar og nauðsynlegrar lækniþjónustu í gistiríki og 80% af kostnaði við lyfseðilsskyld lyf. Þátttaka starfsmanna í þessum kostnaði er föst árleg greiðsla að fjárhæð 24.000 kr. fyrir einstakling og 48.000 kr. fyrir fjölskyldu og 20% af kostnaði við lyfseðilsskyld lyf.

Auk lækis- og lyfjakostnaðar flutningsskyldra starfsmanna er endurgreiddur á sama hátt lækni- og lyfjakostnaður staðarráðinna starfsmanna sendiskrifstofa í þeim tilvikum að ekki sé viðkomið fullnægjandi sjúkratryggingum öðruvísi.

8. Hversu mikið hefur verið greitt úr sjúkrasjóði ráðuneytisins sl. 10 ár, sundurliðað eftir árum?

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir nettóútgjöld utanríkisþjónustunnar sl. 10 ár vegna greiðslna lækni- og lyfjakostnaðar starfsmanna sendiskrifstofa erlendis. Eðli málsins samkvæmt geta verið umtalsverðar sveiflur í útgjöldum utanríkisþjónustunnar vegna þessa frá einu ári til annars.

**Endurgreiðslur lækni- og lyfjakostnaðar til flutningsskyldra starfsmanna við störf í sendiskrifstofum erlendis.**

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Sjúkrasjóður,										
EUR	152.534	146.444	132.449	280.706	335.868	476.212	333.124	326.026	333.351	292.158

9. Hver hefur rekstrarkostnaður sendiráða Íslands erlendis verið, sundurliðað eftir sendiráðum og árum, 2007–2011?

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir rekstrarkostnað sendiskrifstofa Íslands erlendis árin 2007–2011.

Í nýrri skýrslu ráðherra um utanríkis- og alþjóðamál til Alþingis (þskj. 1229, 761. mál á 140. löggjafarþingi) kemur fram að utanríkisráðuneytið hafi eins og önnur ráðuneyti þurft að bregðast við afleiðingum bankahrunsins og skera niður útgjöld. Þá kemur fram að þrátt fyrir óhagkvæma gengisþróun og það hversu stór hluti kostnaðar utanríkisráðuneytisins fellur til í erlendum gjalddeyri, hafi utanríkisráðuneytið náð umtalsverðri hagræðingu frá bankahruni. Ráðuneytið hafi þá átt frumkvæði að 23% niðurskurði af fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2009, auk 2% viðbótarhagræðingar innan árs. Ráðuneytið hafi fylgt þessum niðurskurði eftir með 16,4% niðurskurði á fjárlögum 2010 og 9,5% niðurskurði í rekstri á fjárlögum 2011. Á fjárlögum 2012 nam hagræðing á rekstrarútgjöldum utanríkisráðuneytisins 3,9%, sem er hærra hlutfall en almennt var hjá öðrum ráðuneytum. Kostnaður við hina eiginlegu utanríkisþjónustu, aðalskrifstofu ráðuneytisins og sendiskrifstofur, er áætlaður 3.873 millj. kr. á árinu 2012, sem svarar til um 0,71% af A-hluta fjárlaga.

Sendiskrifstofur Íslands eru nú 21 talsins, þ.e. 15 sendiráð, þrjár fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og þrjár aðalræðisskrifstofur, og eru þá ekki taldar áður nefndar umdæmisskrifstofur ÞSSÍ. Þremur sendiskrifstofum var lokað á árinu 2009, í Róm, Strassborg og Pretoríu. Fjöldi sendiskrifstofa nú er svipaður og á árunum 2002–2004. Hins vegar eru útsendir starfsmenn nú um það bil fjórðungi færri en þeir voru á því tímabili.

### Yfirlit yfir rekstrarkostnað sendiskrifstofa Íslands erlendis árin 2007–2011.

Rekstrarkostnaður fellur annars vegar til í krónum, sem er fyrst og fremst launakostnaður útsendra starfsmanna, og hins vegar er allur rekstrarkostnaður á staðnum greiddur í gjaldmiðli gistiríkis. Til þess að taflan endurspegli eiginlegan rekstrarkostnað sendiskrifstofa án áhrifa gegnissveiflna undanfarinna ára er taflan sett fram með þessum hætti. Bókfærðar tekjur og gjöld vegna gengisáhrifa eru undanskilin í þessari töflu.

#### Rekstrarkostnaður sendiskrifstofa 2007–2011.

	Rauntölur 2007	Rauntölur 2008	Rauntölur 2009	Rauntölur 2010	Rauntölur 2011
<b>Sendiráð</b>					
Berlín, EUR	771.339	691.521	606.133	620.833	613.335
Berlín, ISK	24.038.166	19.482.891	21.696.095	19.729.391	24.907.960
Kaupmannahöfn, DKK	5.363.766	5.530.925	5.496.959	5.471.214	5.371.072
Kaupmannahöfn, ISK	22.830.854	28.254.737	24.517.348	23.448.621	20.890.349
London, GBP	675.852	747.339	714.571	761.650	649.160
London, ISK	29.797.281	29.642.878	29.872.176	27.956.972	26.595.978
Moskva, USD	798.372	0	0	0	0
Moskva, EUR	0	570.993	570.993	579.393	650.250
Moskva, ISK	19.116.447	20.741.859	16.634.787	18.257.295	19.913.499
Osló, NOK	3.168.224	3.398.561	3.175.743	3.531.860	3.504.587
Osló, ISK	14.479.985	14.926.024	14.349.790	13.858.676	13.734.998
París, EUR	1.015.914	1.061.615	965.047	775.328	760.602
París, ISK	29.388.875	33.741.231	29.529.375	27.785.444	28.169.058
Stokkhólmur, SEK	3.308.036	3.125.728	3.253.855	3.261.268	3.108.616
Stokkhólmur, ISK	18.477.893	18.142.578	16.598.335	17.102.500	17.781.746
Washington, USD	842.728	927.946	909.071	989.694	863.124
Washington, ISK	27.361.083	26.955.982	20.384.680	18.930.330	16.204.719
Brussel, EUR	1.271.409	1.245.706	1.177.028	1.197.893	1.279.864

Brussel, ISK	34.682.560	27.461.682	45.349.840	47.459.058	55.179.229
Vín, EUR	460.716	474.545	457.567	477.590	491.269
Vín, ISK	18.310.230	19.811.629	17.260.513	20.541.649	21.439.729
Peking, USD	887.712	0	0	0	0
Peking, CNY	0	356.455	6.273.529	6.171.940	6.132.493
Peking, ISK	18.101.067	22.366.871	20.929.333	20.541.649	18.124.510
Ottawa, CAD	464.619	444.475	404.791	434.656	438.439
Ottawa, ISK	13.575.639	15.347.298	13.169.355	14.261.980	16.369.844
Tokyo, JPY	71.047.698	63.839.161	43.686.925	42.918.358	38.888.625
Tokyo, ISK	19.151.855	16.851.047	9.439.821	15.852.072	15.175.420
Helsinki, EUR	427.541	415.737	436.875	424.925	415.153
Helsinki, ISK	9.045.265	9.133.236	12.214.086	9.681.119	10.841.527
Róm, EUR	264.999	255.384	124.791	0	0
Róm, ISK	8.819.672	9.751.319	4.718.660	207.004	0
Nýja Delí, EUR	577.681	466.256	466.256	418.470	421.877
Nýja Delí, ISK	15.586.356	17.973.252	14.097.337	17.104.829	13.407.432
Pretoría, USD	416.413	363.980	61.172	0	0
Pretoría, ISK	10.068.939	13.370.109	2.066.087	0	0
<b>Fastanefndir og</b>					
<b>aðalræðisskrifstofur</b>					
New York, USD	1.286.999	1.397.543	1.149.079	1.048.418	1.149.457
New York, ISK	39.614.100	48.901.842	39.833.005	33.993.696	35.020.918
NATO, EUR	720.544	751.810	685.487	737.622	773.860
NATO, ISK	33.522.096	50.448.515	39.125.148	43.923.117	45.996.328
Genf, CHF	958.488	1.038.388	981.763	1.010.260	880.439
Genf, ISK	22.380.810	27.285.955	26.153.848	25.941.652	27.687.110
Strassborg, EUR	256.312	294.368	180.993	0	0
Strassborg, ISK	8.783.830	11.272.127	6.585.993	0	0
Aðalræðismaður New York, USD	520.629	621.054	375.538	374.891	393.308
Aðalræðismaður New York, ISK	941.739	1.332.761	-263.623	812.734	1.911.955
Aðalræðismaður Winnipeg, CAD	346.949	366.295	342.477	315.078	322.996
Aðalræðismaður Winnipeg, ISK	6.485.929	7.219.794	6.987.998	7.132.567	7.435.177
Aðalræðismaður Þórshöfn, DKK	1.467.812	1.803.278	1.676.654	1.580.217	1.509.651
Aðalræðismaður Þórshöfn, ISK	7.950.937	9.114.764	10.580.425	9.031.992	7.928.380
Sameiginlegur kostnaður, ISK	144.147.561	248.077.709	355.482.125	240.294.050	315.497.005
Viðhald, ISK	44.391.893	14.805.761	14.039.001	37.547.187	75.573.791
Stofnkostnaður ISK	324.669.120	86.617.238	20.203.878	890.825.101	13.936.026